

Fyrir hverja

Samtryggingarsjóður veitir sjóðfélögum rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Lítill ➔ Ahætta ➔ Mikil

- Skuldaraáhætta (tapsáhætta)*
- Markaðsáhætta (sveiflur í ávöxtun)*

* Nánar, sjá baksíðu.

Upplýsingar

Stofnár:	1967
Fjöldi sjóðfélaga:	43.792
Heildarstærð m.kr:	224.373

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er um 0,3% af meðaleignum.

Kennitölur og tölfræði

Meðaltími skuldabréfa:	8,4 ár
Staðalfrávik ávöxtunar:	5,4%
5% VaR(mán. tímabil):	-1,9%
Sharpe hlutfall:	0,7

Útreikningar miðast við mánaðarleg gildi sl. 5 ár.
Nánar um kennitölur og tölfræði, sjá baksíðu.

Fjárfestingarstefna

Eignasamsetning skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

	Stefna	Lágmark	Hámark
Skuldabréf og innlán	45%	35%	65%
Innlán	1%	0%	12%
Skuldabréf			
Innlend	38%	11%	65%
Erlend	6%	0%	12%
Hlutabréf	55%	35%	65%
Innlend	12%	4%	18%
Erlend	43%	25%	60%
Meðaltími	9 ár	6 ár	11 ár

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sími 510-2500
Fax 510-2550
almenni@almenni.is
www.almenni.is

Um safnið

Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérstöku verðbréfasafni sem fjárfestir í innlendum og erlendum verðbréfum.

Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum frá 70 ára aldri, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri til eftirlifandi maka og barna við fráfall. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum og hlutabréfum. Stefnt er að því að skuldabréf vegi 45% og hlutabréf 55%. Fjárfest er í ríkisskuldabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga, innlánnum fjármálastofnana, veðskuldabréfum og öðrum skulda-bréfum. Erlend hlutabréf safnsins eru að miklu leyti í skráðum hlutabréfasjóðum sem hver um sig fjárfestir í fjölda fyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum og í mismunandi löndum, afkoma einstakra fyrirtækja vegur því lítið í heildarvöxtun safnsins. Til að dreifa áhættu enn frekar er stefnt að því að stór hluti erlendra hlutabréfasjóða séu markaðstengdir sjóðir.

Orðsending sjóðstjóra

Samtryggingarsjóðurhækkaði um 12,5% á árinu 2024. Hækkun á erlendum og innlendum hlutabréfamarkaði skýrir að stærstum hluta gengisþróun safnsins á árinu. Sveiflur voru á ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa á árinu, þar sem ávöxtunarkrafan lækkaði á fyrsta ársfjórðungi, sem þýðir hækkun á verði skuldabréfa en sú kröfulækkun gekk að stærstum hluta til baka á árinu. Skuldabréfamarkaður skilaði ágætri ávöxtun yfir árið og hækkaði vísitala Nasdaq Íceland fyrir 10 ára löng verðtryggð skuldabréf um 7,1% og vísitala Nasdaq Íceland fyrir 10 ára óverðtryggð skuldabréfum um 6,2% á árinu.

Sveiflur voru á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu en síðasti ársfjórðungur var gjöfull og hækkaði heildarvísitala aðallista um 14,7% yfir árið í heild. Nokkrar sveiflur voru á erlendum hlutabréfamörkuðum á árinu 2024. Árið fór vel af stað en hökt kom í markaðinn um mitt sumar sem gekk hratt til baka. Heimsvísitala hlutabréfa MSCI hækkaði um 18,7% árið 2024 í USD sem samsvarar um 20,4% í íslenskum krónum þar sem krónan gaf eftir gagnvart USD á árinu. Hlutfall erlendra eigna í safninu er 48,6%.

Eignasamsetning

Stærstu eignaflokkar	Eign
Erlend hlutabréf	42,8%
Innlend skuldabréf	36,7%
Innlend hlutabréf	13,4%
Erlend skuldabréf og gjalddeyrir	5,8%
Innlán í íslenskum krónum	1,3%
	100,0%

Ávöxtun, %

	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Frá áramótum	12,5%	7,4%
SL 1 ár	12,5%	7,4%
SL 3 ár	5,8%	-1,4%
SL 5 ár	8,9%	2,7%
SL 10 ár	8,4%	4,0%
Frá 01.01.1990	9,0%	4,4%


Ávöxtun er á ársgrundvelli fyrir tímabil lengra en 1 ár

10 Stærstu útgefendur


Skuldabréf	Vægi
Sjóðfélagalán	13,1%
Ísland - Ríkisábyrgð	6,6%
Ríkissjóður Íslands	4,3%
Reykjavíkurborg	3,5%
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	1,7%
Heimar hf.	0,9%
Reitir fasteignafélag hf.	0,9%
Eik fasteignafélag hf.	0,7%
Íslandsbanki hf.	0,7%
Arion banki hf.	0,6%
Fjöldi útgefenda:	46

Hlutabréf	Vægi
Apple Inc	1,8%
Microsoft Corp	1,6%
NVIDIA Corp	1,6%
Alphabet Inc	1,1%
Amazon.com Inc	1,1%
Festi hf.	1,0%
Arion banki hf.	1,0%
Eik fasteignafélag hf.	0,9%
HSV eignarhaldsfélag slhf.	0,8%
Marel hf.	0,7%
Fjöldi fyrirtækja:	4.800

Gengisþróun sl. 10 ár



Gengisþróun sl. 1 ár



Almennar upplýsingar

Almennri lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunar-tekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfs-greinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Samtryggingarsjóður


Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ævilöngum ellilífeyris-greiðslum frá 60 ára aldri, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri til eftirlifandi maka og barna við fráfall.

- Sjóðfélagar geta hafið töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 70 ára.
- Örorkulífeyrir er greiddur ef sjóðfélagi missir starfsgetu og orkutap er metið 50% eða meira.
- Makalífeyrir er greiddur úr samtryggingarsjóði við fráfall sjóðfélaga. Makalífeyrir er alltaf greiddur í 2,5 ár og lengur ef yngsta barn sjóðfélaga er yngra en 20 ára.
- Betri barnalífeyrir. Sjóðurinn greiðir tvöfalt hærri barnalífeyri en lágmark samkvæmt lögum (fjórfað hærri barnalífeyri ef barn sjóðfélaga á hvorki foreldri né kjóforeldri á lífi).

Fyrirvari um eignamat

Lífeyrissjóðurinn metur eignir safnsins með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum um markaðsverð. Markaðsverð verðbréfa ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni og getur breyst með stuttum fyrirvara. Fjárhagslegur styrkleiki útgefenda verðbréfa getur einnig breyst og haft áhrif á eignamat. Nánari upplýsingar um eignamat eru í ársskýrslu sjóðsins.

Landa- og atvinnugreinaskipting erlendra eigna



Kennitölur og tölfræði

Flökt/Staðalfrávik (e. Standard Deviation)

Flöktið mælir sveiflur frá meðalávöxtun. Lágt staðalfrávik gefur til kynna að útkoman sé yfirleitt nálægt meðaltali en hátt staðalfrávik segir að mikill breytileiki geti verið á útkomu eða miklar sveiflur á ávöxtun.

$$\sigma = \sqrt{\frac{1}{N} \sum_{i=1}^N (x_i - \mu)^2}$$

X_i - Ávöxtun safnsins
 \bar{X} - Meðalávöxtun safnsins
 N - Fjöldi mælinga

VaR/Fé í húfi (e. Value at Risk)

Með VaR / fé í húfi er átt við hve mikið er talið að virði eignasafns geti rýrnað á tilteknu tímabili undir eðlilegum kringumstæðum. 5% VaR þýðir að á einum mánuði á ákveðnu tímabili þá eru 5% líkur að safn muni falla í verði um x% eða meira. Hægt er því að margaalda inneignina sína í safninu við hlutfallstöluna sem birt er við VaR á upplýsingablaðinu til að vita krónu upphæð sem er áhættuvirði.

Til dæmis, ef eignasafn verðbréfa hefur einn mánuð 5%-VaR x% eru 5% líkur á því að safnið muni falla í verði um x% eða meira á einum mánuði. Þetta er jafngilt að segja að það er hugsanlegt tap upp á x% eða meira á þessari eign á einum mánuði af tuttugu.

Sharpe-hlutfall

Sharpe hlutfallið er mælikvarði á ávöxtun að teknu tilliti til áhættu (staðalfrávik ávöxtunar safnsins). Í samanburði milli ávöxtunarleiða gefur hærra Sharpe hlutfall til kynna að meiri líkur séu á því að ávöxtun safns verði umfram ávöxtun áhættulausrar eignar að teknu tilliti til áhættu safnsins. Jákvætt Sharpe hlutfall gefur til kynna að viðkomandi safn hafi gefið ávöxtun umfram áhættulausa eign að teknu tilliti til áhættu í safninu. Aftur á móti er neikvætt Sharpe hlutfall gagnlegt í samanburði milli ávöxtunarleiða og því lægri neikvæða tölu sem safn hefur er það líklegra til að gefa ávöxtun umfram áhættulausa eign að teknu tilliti til undirliggjandi áhættu.

$$\text{Sharpe} = \frac{R - R_f}{\sigma}$$

R - Ávöxtun safnsins
 R_f - Áhættulausir vextir
 σ - Staðalfrávik safnsins

Um skuldara- og markaðsáhættu

Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáhætta er mismikil meðal útgefenda. Skuldaraáhætta er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáhætta er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefenda í söfnum.

Markaðsáhætta

Megin markaðsáhætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og felja því í sér meiri markaðsáhættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáhættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðsluflæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáhætta minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.